



6.4.10. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016 og 722/2017

Lög um mannvirki, nr. 160/2010

## Sveigðar tröppur, hringstigar og útitröppur

Í grein 6.4.10 í byggingarreglugerð segir:

„Í sveigðum tröppum og hringstigum er ganglína skilgreind 450 mm frá innra handriði. Þar skal framstig aldrei vera undir 150 mm.


Framstig útitrappa skal eigi vera minna en 280 mm og uppstig skal vera á bilinu 120 - 160 mm. Halli á tröppum fyrir almenna umferð utanhúss skal almennt vera á bilinu 17° til 30°.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“


### Leiðbeiningar

**1** Í 1. mgr. 6.4.10 gr. segir: „Í sveigðum tröppum og hringstigum er ganglína skilgreind 450 mm frá innra handriði. Þar skal framstig aldrei vera undir 150 mm.“

Snúnir stigar eru sveigðar tröppur og hringstigar. Í snúnum stigum innanhúss er mælt með að innskot séu þannig að framstig að viðbættu innskoti sé 300 mm. Tröppuformúla fyrir innanhússstiga er 2 uppstig + 1 framstig = 620 mm +/- 20 mm.




Mynd 1. Dæmi um sveigða tröppu innan íbúðar



Mynd 2. Dæmi um hringstiga innanhúss




- 2 Í 2. mgr. 6.4.10 gr. segir: „Framstig útitrappa skal eigi vera minna en 280 mm og uppstig skal vera á bilinu 120 - 160 mm. Halli á tröppum fyrir almenna umferð utanhúss skal almennt vera á bilinu 17° til 30°.“



Mynd 3. Tröppuformúla fyrir útitröppur.

Fyrir fólk sem er með hreyfihömlun, svo sem lömum á annarri hlið og fólk með gervifætur er öruggara að ganga um tröppur og stiga utanhúss sem eru með lokuð þrep (án innskots).



Mynd 4. Dæmi um útitröppur með lokuðum þrepum.

### Tilvísanir

- <http://www.rabygg.is/adgengi>